

20 9. febr. ingarbrjefi, þar er hann leigir um 5 ár norskum kaupmanni Dahl, er borgararjett hefir fengið á Eskifirði, hina svo nefndu Mjóeyri, er samkvæmt konungsúrsk. 6. marz 1807 («Lovsaml. for Isl.», VII, bls. 113.) var keypt af konungi til að leggjast til lóðar Eskifjarðar kaupsins. Í brjefi 18. desember 1879 ljét amtið í ljósi, að Mjóeyri yrði að álitast opinber eign, með því að hún hefði ekki orðið lögð undir kaupstaðarlóðina, og að því mundi æskilegt vera, að hún yrði þeim manni leigð, er þá hefði um sótt að fá hana. En í landshöfðingjabrjefi 31. janúar 1880 er svo sagt, að ekkert sje því til fyrirstöðu, að hlutaðeiganda verði «útvísað byggingarstöði» á Mjóeyri. En út af þessu hafið þjer, herra amtmaður, tekið fram, að þjer allt um þetta eigi fáðið skilið tjeð landshöfðingjabrjef öðruvísi en svo, að úthluta megi hlutaðeiganda lóð undir hús þau, er hann þarf að reisa, samkvæmt hinum venjulegu reglum, er gilda um lóðir verzlunarstaða; en ef sá væri skilningurinn, að leigja skyldi alla Mjóeyri einum manni, þá þykist þjer, herra amtmaður, eigi sjá yður fört að samþykkja greindan leigusamning, og hafið því skotið málinu undir minn úrskurð.

Út af þessu vil jeg tjá yður það, er nú greinir, til þóknanlegrar leiðbeiningar og svo að þjer kunngjörrið þeim það, er hlut eiga að máli.

Að vísu er það talið víst í brjefi mínu 31. janúar 1880. að þótt konungsúrskurði 6. marz 1807 hafi enn eigi framgengt orðið, þá muni ekkert vera því til fyrirstöðu, að leggja Mjóeyri til lóðar verzlunarstaðarins, eins og til var ætlaðt 1807, svo framfarlega sem verzlunarstaðurinn þyrfti þessarar lóðar, sem, eptir brjefi sýslumannsins 8. ágúst 1879, liggur $\frac{1}{4}$ mílu fyrir utan kaupsúnið Eskifjörð. Ef því nokkrir aðrir hefðu beiðzt útmælingar á byggingarstöði handa sjer á Mjóeyri, hefði samkvæmt nefndu brjefi engin ástöða verið til að neita þeim um slíka útmælingu samkvæmt reglum þeim, er fylgt er um útmælingar hússtöða á kaupsúna-lóðum. Af skýringum þeim, sem fyrir hendi eru í þessu máli, er svo að ráða, sem enn hafi engin þörf reynzt á að nota Mjóeyri til hússtöða. Jeg sje því ekkert því til fyrirstöðu, að gjöra þann hlut eyrarinnar, sem eigi er til þessa notaður að sinni, arðberandi eiganda sínum, landssjóðnum, með því að selja hann á leigu um stutt tímabil, t. d. 5 ár, eins og sýslumaðurinn stingur upp á, og mun það þá koma í ljós, hvort þörf sje á að mæla fleirum út hússtöði á Mjóeyri.

Því felst jeg nú á, að sýslumaðurinn í Suður-Múlasýslu gjöri leigusamning við umgetinn kaupmann Dahl um að leigja honum í 5 ár, frá 1. jan. þ. á. að telja, gegn 50 króna ársleigu, þann hlut Mjóeyrar, er eigi þarf til lóðar undir hús þau, er tjeður Dahl ætlar þar að reisa, þó á þann hátt, að fyrir því verði sjeð við útmælingu hússtöðis þessa, að hún verði eigi því til hindrunar, að fleiri hús verði síðar reist á Mjóeyri, ef svo stöði á, þá er þessi 5 ár eru liðin, að það yrði nauðsynlegt eða æskilegt að mæla fleirum út hússtöði þar á eyrinni. Um þetta ber sýslumanninum að koma fram með nánari skýrslu og tillögur fyrir árslok 1886.

21 9. febr. — Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurum-
dæminu um eptirgjald eptir þjóðjörð. — Í þessu brjefi lætur landshöfðingi skilning þann í ljósi á 3. grein ráðgjafabrejfs 25. maí 1880 (B. 89) að gjöra skuli leiguliðum á þjóðjörðum, er vilja greiða gjöld sín eptir meðalverði allra meðalverða, kost á að fá, hvort sem þeir vilja heldur, bæði landskuld og leigum breytt á þennan hátt, eða þá eingöngu landsskuldinni, ef þeir kjósa heldur að halda áfram að gjalda leigur eptir smjörverði.